

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 7 22. janúar 1964 um iðgjöld til slysatrygginga
samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 1963 um almannatryggingar
sbr. reglugerð nr. 60 1969.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Vikugjöld í hverjum áhættuflokki skulu vera sem hér segir:

Áhættuflokkur	Iðgjöld kr. á viku
1.	5
2.	7
3.	14
4.	14
5.	21
6.	34
7.	49
8.	70
9.	95
10.	113

2. gr.

Í 3. málsg. 4. gr. komi „2400 krónur“ í stað „1700 krónur“.

3. gr.

8. gr. orðist svo:

Fyrir öikumenn bifreiða skal vikugjald vera kr. 7 (2. áhættuflokkur).

Fyrir áhafnir flugvéla skal vikugjald vera kr. 70 (8. áhættuflokkur).

4. gr.

9. gr. orðist svo:

Fyrir áhafnir skipa skal vikugjald vera sem hér segir:

Áhafnir róðrabáta og vélbáta undir 12 lestum kr. 70 (8. áhættuflokkur). Þó skal iðgjald af trillubátum aldrei vera lægra en kr. 1050.00.

Áhafnir flutningaskipa 100 lesta og stærri kr. 95.00 (9. áhættuflokkur).

Áhafnir flutningaskipa undir 100 lestum en ekki undir 12 lestum kr. 113.00 (10. áhættuflokkur).

Áhafnir fiskiskipa 12 lesta og stærri kr. 113.00. (10. áhættuflokkur).

5. gr.

10. gr. orðist svo:

Áhættuiðgjald vegna slökkviliðsmanna, sem ekki eru fastráðnir, skal vera kr. 11.00 fyrir hverja kvaðningu, hvort sem er við æfingu eða slökkvistarf.

6. gr.

11. gr. orðist svo:

Föst ársiðgjöld skulu vera sem hér segir:

Vegna heimilisdráttarvélar	kr. 280
— rafstöðvar	— 140
— súgburrrkunartækis	— 140
— heyblásara (saxblásara, heybyssu)	— 140
— bifhjóls	— 460
— reiðhjóls með hjálparvél	— 460

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 1963, um almannatryggingar, til að gilda frá 1. janúar 1971, og birtist hún til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. febrúar 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga
í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílstjórafélagsins Öxuls, en það nær yfir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 27, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 27. apríl 1970. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélagsins Öxuls, sýslunefndar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og samtaka vinnuveitenda á svæðinu, ef fyrir hendi eru.

3. gr.

Tvisvar á ári, þ.e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélagið Öxull viðtöku nýjum umsóknum um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruflutninga. Skal þá, er fjöldi leigubifreiða innan félagsins er kominn niður fyrir töluna 27, bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, unz framangreindu marki er náð.

4. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.